

Hagnaður 1.870 millj. kr. á 4F 2025 og 6.220 millj. kr. á 12M 2025

Helstu niðurstöður 4. ársfjórðungs 2025

- Vörusala nam 44.956 millj. kr. sem er aukning um 7,2% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.415 millj. kr. sem er aukning um 11,2% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 25,4% og lækkar um 0,2 p.p. frá 3F 2025 en hækkar um 0,9 p.p. frá 4F 2024.
- EBITDA nam 4.255 millj. kr. og hækkar um 43,9% milli ára en 14,8% án einskiptiskostnaðar á 4F 2024.
- Hagnaður nam 1.870 millj. kr. og hækkar um 35,3% milli ára án einskiptiskostnaðar á 4F 2024.
- Handbært fé frá rekstri nam 1.508 millj. kr. og hækkar um 72,3% milli ára.
- Greiddar voru niður vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir fyrir um 957 millj. kr. Þá námu endurkaup á eigin bréfum um 365 millj. kr.
- Eigið fé nam 47.684 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 41,2% í lok árs 2025 samanborið við 37,9% árið áður.
- EBITDA ársins 2025 nam 16.001 millj. kr. og hækkar um 27,9% en 20,7% án áhrifa einskiptiskostnaðar á árinu 2024.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2026 nemur 16.500 – 17.000 millj. kr.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	44.956	41.946	3.010	7,2%	173.414	154.463	18.951	12,3%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	11.415	10.267	1.148	11,2%	43.692	36.722	6.970	19,0%
Aðrar rekstrartekjur	650	622	29	4,6%	2.313	2.245	69	3,1%
EBITDA	4.255	2.957	1.298	43,9%	16.001	12.511	3.491	27,9%
EBIT	2.745	1.388	1.357	97,8%	10.111	7.723	2.388	30,9%
EBT	2.294	966	1.328	137,4%	7.603	5.112	2.491	48,7%
Hagnaður tímabilsins	1.870	632	1.239	196,1%	6.220	4.018	2.201	54,8%
Efnahagsreikningur					31.12.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					14.179	14.118	61	0,4%
Viðskiptakröfur					5.435	7.168	-1.733	-24,2%
Handbært fé					5.929	4.075	1.854	45,5%
Vaxtaberandi skuldir					38.876	43.956	-5.081	-11,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir					32.947	39.881	-6.934	-17,4%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					2,1	3,0	-0,9	-30,0%
Eiginfjárlutfall					41,2%	37,9%	+3,3 p.p.	8,8%
Arðsemi eigin fjár					13,9%	12,5%	+1,4 p.p.	11,3%
Sjóðstreymi	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	1.508	809	698	86,3%	15.784	9.053	6.730	74,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-729	-1.586	857	-54,0%	-4.425	-8.108	3.683	-45,4%
Fjármögnunarhreyfingar	-1.656	-1.187	-469	39,5%	-9.527	-160	-9.367	5869,1%
Handbært fé í lok tímabils	5.929	4.075	1.854	45,5%	5.929	4.075	1.854	45,5%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	25,4%	24,5%	+0,9 p.p.	3,7%	25,2%	23,8%	+1,4 p.p.	6,0%
Starfsmannakostnaður/framlegð	48,7%	50,7%	-2,0 p.p.	-3,8%	49,6%	50,1%	-0,5 p.p.	-0,9%
EBITDA/framlegð	37,3%	28,8%	+8,5 p.p.	29,4%	36,6%	34,1%	+2,5 p.p.	7,5%
Hagnaður/framlegð	16,4%	6,2%	+10,2 p.p.	166,3%	14,2%	10,9%	+3,3 p.p.	30,1%
Hagnaður á hlut	8,5	7,3	1,2	16,8%	20,0	13,1	6,9	52,3%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	13,2%	7,9%	+5,3 p.p.	67,5%	36,1%	24,7%	+11,4 p.p.	46,5%
Fjárfestingar	1.806	1.701	105	6,2%	6.071	4.642	1.429	30,8%

Rekstur 4. ársfjórðungs 2025

Rekstur félagsins gekk vel og betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Vörusala í flestum vöruflokkum jókst í magni milli ára. Afgreiðslufjöldi jókst um 2,6%, fjöldi seldra vara um 8,2% en fjöldi seldra eldsneytislítra minnkaði um 0,7% vegna minni sölu undir lok ársins. Framlegðarstig nam 25,4% og lækkar um 0,2 p.p frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 0,9 p.p. frá sama fjórðungi síðasta árs. Framlegð í krónum jókst um 11,2% milli ára en rekstrarkostnaður lækkaði um 1,5% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 4.255 millj. kr. sem er 43,9% hækkun milli ára en 14,8% án áhrifa stjórnvaldssektar á fjórða ársfjórðungi 2024. EBITDA ELKO jókst um 159 millj. kr. eða 27,3%, EBITDA Krónunnar jókst um 367 millj. kr. eða 25,6%, EBITDA Lyfju jókst um 65 millj. kr. eða 17,6% og EBITDA N1 jókst um 25 millj. kr. milli ára eða um 1,8%. Hagnaður ársfjórðungsins nam 1.870 millj. kr. og hækkar um 35,3% milli ára án áhrifa stjórnvaldssektar á 4F 2024.

Tekjur 4. ársfjórðungs 2025

- Heildartekjur námu 45.606 millj. kr. sem er aukning um 7,1% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 44.956 millj. kr. sem er aukning um 7,2% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 22.717 millj. kr. sem er aukning um 12,5% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 8.571 millj. kr. sem er minnkun um 3,7% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 6.290 millj. kr. sem er aukning um 5,6% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum- og lausasölulyfjum námu 3.859 millj. kr. sem er aukning um 10,3% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 3.519 millj. kr. sem er aukning um 3,8% milli ára.
- Tekjur ársins 2025 hækka um 12,1% en 6,2% ef Lyfja hefði verið allt árið 2024 innan samstæðunnar.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	22.717	20.199	2.517	12,5%	87.548	78.357	9.191	11,7%
Eldsneyti og rafmagn	8.571	8.902	-331	-3,7%	39.278	39.866	-588	-1,5%
Raftæki	6.290	5.954	336	5,6%	20.657	19.246	1.411	7,3%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	3.859	3.500	359	10,3%	14.622	6.841	7.782	113,8%
Aðrar vörur og þjónusta	3.519	3.391	128	3,8%	11.308	10.153	1.154	11,4%
Samtals vöru- og þjónustusala	44.956	41.946	3.010	7,2%	173.414	154.463	18.951	12,3%
Aðrar rekstrartekjur	650	622	29	4,6%	2.313	2.245	69	3,1%
Tekjur samtals	45.606	42.568	3.038	7,1%	175.727	156.707	19.020	12,1%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 12,5% milli ára, en þar er aukning Krónunnar um 14,4%. Tekjur af eldsneyti og rafmagni drógust saman um 3,7% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 1-3% milli ára, eftir vörutegundum. Selt magn eldsneytis lækkar um 0,7% milli ára vegna minni sölu undir lok ársins. Tekjur af raftækjasölu jukust um 5,6% milli ára og tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum jukust um 10,3% milli ára. Þá jukust tekjur af annarri vöru og þjónustusölu um 3,8% milli ára.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 4. ársfjórðungi 2025

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.415 millj. kr. sem er 11,2% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 25,4% og lækkar um 0,2 p.p frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 0,9 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 5.332 millj. kr. sem er aukning um 15,7% milli ára. Framlegðarstig nam 23,5% sem er lækkun um 0,6 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkun um 0,7 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.882 millj. kr. sem er aukning um 2,2% milli ára. Framlegðarstig nam 22,0% sem er lækkun um 2,8 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 1,3 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.702 millj. kr. sem er hækkun um 17,3% milli ára. Framlegðarstig nam 27,1% sem er lækkun um 0,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en er hækkun um 2,7 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 972 millj. kr. sem er aukning um 2,3% milli ára. Framlegðarstig nam 25,2% sem er lækkun um 0,7 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og lækkun um 2,0 p.p. milli ára.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 1.526 millj. kr. sem er aukning um 7,9% milli ára. Framlegðarstig nam 43,4% sem er hækkun um 1,7 p.p. frá árinu áður.
- Framlegð ársins 2025 hækkar um 19,0% en 6,8% ef Lyfja hefði verið allt árið 2024 innan samstæðunnar.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	5.332	4.609	723	15,7%	20.697	18.190	2.507	13,8%
Eldsneyti og rafmagn	1.882	1.842	40	2,2%	9.061	7.760	1.301	16,8%
Raftæki	1.702	1.452	251	17,3%	5.502	4.866	636	13,1%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	972	950	22	2,3%	3.820	1.887	1.933	102,4%
Aðrar vörur og þjónusta	1.526	1.415	112	7,9%	4.613	4.019	594	14,8%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	11.415	10.267	1.148	11,2%	43.692	36.722	6.970	19,0%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.415 millj. kr. samanborið við 10.267 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2024 sem er 11,2% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 5.332 millj. kr. sem er 15,7% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.882 millj. kr. sem er 2,2% aukning milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.702 millj. kr. sem er 17,3% hækkun milli ára. Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 972 millj. kr. sem er 2,3% hækkun milli ára. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.526 millj. kr. sem er 7,9% hækkun milli ára.

Rekstrarkostnaður 4. ársfjórðungs 2025

- Rekstrarkostnaður á 4F 2025 nam 7.810 millj. kr. og lækkar um 122 millj. kr. milli ára eða um 1,5% en hækkar um 8,7% án áhrifa stjórnvaldssektar sem kom inná 4. ársfjórðung 2024.
- Laun- og starfsmannakostnaður hækkar um 359 millj. kr. eða 6,9% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.682 á fjórðungnum sem er fjölgun um 3,8% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður lækkar um 481 millj. kr. eða um 17,6% milli ára en hækkar um 13,6% án einskiptiskostnaðar á fyrra ári.
- Rekstrarkostnaður ársins 2025 hækkar um 13,4% milli ára en 3,7% ef Lyfja hefði verið allt árið 2024 innan samstæðunnar og án einskiptiskostnaðar á árinu 2024.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	5.561	5.202	359	6,9%	21.676	18.385	3.290	17,9%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	625	594	31	5,2%	2.448	2.218	229	10,3%
Viðhaldskostnaður	355	248	107	43,2%	1.271	1.072	199	18,6%
Sölu- og markaðskostnaður	562	525	38	7,2%	2.039	1.824	215	11,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	222	171	50	29,3%	613	529	84	15,9%
Samskiptakostnaður	353	356	-3	-0,9%	1.377	1.173	203	17,3%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	51	6	45	745,1%	152	155	-3	-2,2%
Stjórnvaldssekt	0	750	-750	-100,0%	0	750	-750	-100,0%
Annar kostnaður	82	80	1	1,3%	429	349	80	23,0%
Samtals annar rekstrarkostnaður	2.249	2.731	-481	-17,6%	8.328	8.071	257	3,2%
Samtals rekstrarkostnaður	7.810	7.932	-122	-1,5%	30.004	26.456	3.548	13,4%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 4F 2025 nam 5.561 millj. kr. samanborið við 5.202 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 6,9% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.682 á fjórðungnum sem er fjölgun um 62 eða 3,8% milli ára. Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 3,0% milli ára en í heildina þá hækka laun og starfsmannakostnaður um 3,9% ef ekki er tekið tillit til áhrifa af breytingum í stöðugildum. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 4F 2024	5.202
Stöðugildi - breyting	154
Samningsbundnar launahækkunarir	273
Breyting í starfsmannakostnaði	-8
Kaupréttir	-11
Aðrar breytingar	-49
Laun og launatengd gjöld 4F 2025	5.561

Annar rekstrarkostnaður nam 2.249 millj. kr. samanborið við 2.731 millj. kr. árið áður sem er lækkun um 481 millj. kr. eða 17,6%. Stjórnvaldssekt að upphæð 750 m.kr var greidd á 4. fjórðungi 2024, án áhrifa hennar nam hækkun annars rekstrarkostnaðar 13,6% tengt átaksverkefnum í viðhaldi en annars gæta áhrif verðbólgu og aukinnar sölu á alla kostnaðarliði. Heilt yfir má segja að ágætur árangur hafi náðst í aðhaldi alls rekstrarkostnaðar á árinu 2025 en kostnaðurinn jókst um 3,7% í samanburði milli ára.

Fjármagnsliðir 4. ársfjórðungs 2025

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 451 millj. kr. samanborið við 422 millj. kr. neikvæð áhrif frá árinu áður. Kostnaðurinn hækkar því um 29 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 251 millj. kr. og hækka um 36 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 687 millj. kr. og lækka um 173 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var neikvæður um 66 millj. kr. og neikvæð áhrif því um 152 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 50 millj. kr. og lækka um 87 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	251	215	36	16,7%	585	483	102	21,0%
Fjármagnsgjöld	-687	-860	173	-20,2%	-3.575	-3.768	194	-5,1%
Gengismunur	-66	86	-152	-177,2%	-92	66	-158	-240,5%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	50	137	-87	-63,4%	575	608	-34	-5,5%
Samtals	-451	-422	-29	7,0%	-2.508	-2.612	104	-4,0%

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok árs 2025

- Heildareignir námu 115,8 ma. kr. í lok árs 2025 og hafa aukist um 0,9 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Fastafjármunir námu 89,1 ma. kr. og hafa hækkað um 0,8 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Veltufjármunir námu 26,7 ma. kr. og hafa aukist um 0,1 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Handbært fé nam 5,9 ma. kr. í lok árs 2025 sem er hækkun um 1,9 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 32,9 ma. kr. og hafa lækkað um 6,9 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Eiginfjárlutfall félagsins var 41,2% í lok árs 2025 samanborið við 37,9% í árslok 2024.

Milljónir króna	31.12.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.367	18.367	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	7.659	8.197	-538	-6,6%
Rekstrarfjármunir	43.655	41.217	2.437	5,9%
Leigueignir	10.510	10.535	-25	-0,2%
Fjárfestingarfasteignir	6.731	7.012	-281	-4,0%
Birgðir	14.179	14.118	61	0,4%
Viðskiptakröfur	5.435	7.168	-1.733	-24,2%
Handbært fé	5.929	4.075	1.854	45,5%
Vaxtaberandi skuldir	38.876	43.956	-5.081	-11,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir	32.947	39.881	-6.934	-17,4%
Eignfjárlutfall	41,2%	37,9%	+3,3 p.p.	8,8%
Veltuhraði vörubirgða	9,0	8,3	0,7	8,4%

Viðskiptavild nemur 18.367 millj. kr. sem er um 15,8% af heildareignum. Aðrar óefnislegar eignir námu 7.659 millj. kr., og lækka um 538 millj. kr. milli ára. Rekstrarfjármunir nema 43.655 millj. kr. og hækka um 2.437 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarfasteignir nema 6.731 millj. kr. og lækka um 281 millj. kr. milli ára. Viðskiptakröfur lækka um 1.733 millj. kr. og handbært fé hækkar um 1.854 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 32.947 millj. kr. sem er lækkun um 6.934 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárlutfall félagsins var 41,2% í lok árs 2025 samanborið við 37,9% í lok árs 2024. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 4. ársfjórðungs 2025

- Handbært fé frá rekstri nam 1.508 millj. kr. sem er hækkun um 698 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 729 millj. kr. sem er hækkun um 857 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 1.656 millj. kr. aukning um 469 millj. kr. frá árinu áður.
- Handbært fé frá rekstri á árinu 2025 nam 15.784 millj. kr. og hækkar um 6.730 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	6.811	6.064	747	12,3%	4.075	3.362	713	21,2%
Handbært fé frá rekstri	1.508	809	698	86,3%	15.784	9.053	6.730	74,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-729	-1.586	857	-54,0%	-4.425	-8.108	3.683	-45,4%
Fjármögnunarhreyfingar	-1.656	-1.187	-469	39,5%	-9.527	-160	-9.367	5869,1%
Gengismunur af handbæru fé	-4	-25	21	-82,3%	22	-72	94	-129,9%
Breyting á handbæru fé	-878	-1.964	1.086	-55,3%	1.832	785	1.047	133,3%
Handbært fé í lok tímabils	5.929	4.075	1.854	45,5%	5.929	4.075	1.854	45,5%

Handbært fé frá rekstri á 4 ársfjórðungi 2025 nam 1.508 millj. kr. sem er hækkun um 698 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 729 millj. kr. og eru 857 millj. kr. hærri en árið áður. Fjárfestingar námu 1.806 millj. kr. sem er aukning um 105 millj. kr. milli ára. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 1.656 millj. kr. sem er aukning um 469 millj. kr. milli ára. Afborganir af langtímalánum námu 957 millj. kr., af leiguskuldum 375 millj. kr og endurkaup á eigin hlutabréfum námu 365 millj. kr. á fjórðungnum. Handbært fé lækkaði um 878 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2025 og nam handbært fé í lok tímabilsins 5.929 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2026

- Horfur í rekstri heilt yfir góðar þrátt fyrir óvissu í þróun efnahagsmála með hækkandi verðbólgu á fyrri helmingi ársins.
- Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda ferðamanna og á síðasta ári og er búist við því að allir starfspættir bæti afkomu sína milli ára.
- Áfram verður mikil áhersla lögð á aukna hagræðingu og skilvirkni í allri virðiskeðju samstæðunnar.
- Þá er unnið að mörgum samþættingar- og þróunarverkefnum sem gaman verður að kynna fyrir viðskiptavinum félagsins á árinu 2026.
- Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið til að takast á við frekari vöxt og tækifæri til að efla enn frekar afkomu félagsins.

EBITDA spá félagsins fyrir 2026 nemur 16.500 – 17.000 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2026 nemur 7.500 – 8.000 millj. kr.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok árs 2025 nam 100,2 milljarði króna og hækkar um 13,3% frá ársbyrjun 2025.
- Hluthafar félagsins voru 1.729 í lok árs 2025 og fjölgaði um 510 frá ársbyrjun 2025.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, föstudaginn 6. febrúar 2026

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður föstudaginn 6. febrúar 2026 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-4F-2025>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplysingar>

Fjárhagsdagatal

- 4F 2025: 5. febrúar 2026
- Aðalfundur 2026: 5. mars 2026
- 1F 2026: 29. apríl 2026
- 2F 2026: 28. júlí 2026
- 3F 2026: 28. október 2026
- 4F 2026: 3. febrúar 2027

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).